

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Seyðisfirði



<b>Dags eftirlits</b>	27.5.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	733858,42 539323,093

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst, en aðrar athugasemdir voru ekki gerðar við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi í Reykjavík og var farið yfir mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Seyðisfirði, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Engar skráningar fundust um að olíuskiljan hafi verið skoðuð eða þjónustuð á nokkurn hátt.

Bæta þarf skráningar í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt þetta reyndist í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Á Seyðisfirði var gengið um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Olíubirgðastöðin á Seyðisfirði er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunarúttekt síðast framkvæmd (BSI) í september 2014. Úttektaraðili frá BSI fann líka að því að skráningar vantaði.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði 3.1 um skráningar í rekstrarhandbók.	Við skoðun á mánaðarblöðum í rekstrarhandbók stöðvarinnar fundust engar skráningar er lúta að eftirliti, bilunum eða viðhaldi á olíuskilju stöðvarinnar á Seyðisfirði. Bæta þarf skráningar í stöðinni.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

Reykjavík, 22.06.2015

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.